

Húsbréf

2. flokkur 2001

Skráning húsbréfa á
Verðbréfaþing Íslands
- mars 2001 -



Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík
Sími 525-6060 Myndsendir 525-6099

Almennar upplýsingar um skráningu húsbrefa Íbúðalánasjóðs 2. flokk 2001

Upplýsingar um útgefanda og ábyrgðaraðila skráningarlýsingar.

Útgefandi. Íbúðalánasjóður kt. 661198-3629 Borgartúni 21, 105 Reykjavík.

Ábyrgð á skráningarlýsingu. Búnaðarbankinn Verðbréf, kt. 490169-1219, Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík og Íbúðalánasjóður ábyrgjast skráningarlýsingu þessa sem gerð er skv. 4.gr viðauka IV við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Starfsemi útgefanda Íbúðalánasjóður er skv. lögum um húsnæðismál (nr. 44/1998) sjálfstæð ríkisstofnun sem veitir einstaklingum, sveitarfélögum, félögum og félagasamtökum húsnæðislán til íbúðarkaupa og byggingarframkvæmda.

Heimild. Félagsmálaráðherra hefur ákveðið með útgáfu reglugerðar um útgáfu húsbrefa á árinu 2001 fyrir Íbúðalánasjóð nr. 231/2001, á grundvelli laga um húsnæðismál nr. 44/1998, að Íbúðalánasjóður gefi út 1. og 2. flokk húsbrefa 2001. Heildarfjárhæð útgáfu fyrir 1. og 2. flokk húsbrefa 2001, ásamt útgáfu 1. og 2. flokks húsbrefa 1998 er kr. 26.700.000.000, eða tuttugogsexþúsundogsjöhundruð milljónir króna. Samanlögð fjárhæð samþykktra skuldabréfaskipta úr 1. og 2. flokki 2001 (ásamt samþykktra skuldabréfaskipta úr 1. og 2. flokki 1998) skal ekki vera umfram 26.700 milljónir króna á árinu 2001, m.v. reiknað markaðsvirði bréfanna. Bréfin verða í tveimur flokkum með mismunandi lánstíma. Lánstími bréfa í 1. flokki er 25 ár og í 2. flokki 40 ár. Ekki er fyrirfram ákveðið hvernig útgáfan, 26.700 milljónir kr. skiptist milli flokka, heldur fer það eftir eftirspurn eftir framangreindum flokkum.

Skilmálar skuldabréfa

Bréfin notar Íbúðalánasjóður til þess að skipta á móti fasteignatryggðum skuldabréfum vegna húsnæðiskaupa. Reiknað verð húsbrefis fylgir reiknijöfnu samkvæmt XVIII. kafla reglugerðar um Íbúðalánasjóð sem lýst er í næstu málsgrein.

Reiknað markaðsvirði skal ákvarðað þannig að mánaðarlega verði fundið nafnverð þeirra húsbrefa sem skipta á fyrir fasteignaveðbréf og skal það ákvarðast með hliðsjón af meðaltali reiknaðs verð húsbrefa í viðkomandi mánuði. Þannig fundið reiknað nafnverð húsbrefa skal síðan reikna til markaðsvirðis miðað við meðalskiptaverð viðkomandi flokks á Verðbréfaþingi Íslands. Hafi engin viðskipti átt sér stað með viðkomandi húsbrefaflokk í þeim mánuði sem útreikningar ná til, skal reikna meðalskiptaverð út frá ávöxtunarkröfu sambærilegs húsbrefaflokks á Verðbréfaþinginu.

Nafnverð og lánstími. Lánstími 2. flokks húsbrefa 2001 er 40 ár. Íbúðalánasjóður innleysir og endurgreiðir húsbrefin að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. mars, 15. júní, 15. september og 15. desember ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 15. september 2001. Húsbrefaflokknum skal lokað eigi síðar en 15 júní 2003. Dregin verða út númer úr gildum óinnleystum húsbrefum sem afgreidd hafa verið daginn fyrir viðkomandi gjalddaga eða fyrr. Í hverjum útdrætti verða dregin út húsbref fyrir þá fjárhæð, sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum, sem um hvorn flokk gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum. Þau húsbref sem ekki verða dregin út greiðast að fullu á lokagjalddaga flokks. Lokagjalddagi 2. flokks er 15. mars 2041. Á lokadegi greiðist höfuðstóll, verðbætur og vextir óútdreginna húsbrefa. Húsbref verða ekki innleyst að hluta. Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa Íbúðalánasjóðs og undir umsjón lögþólkanda.

Lýsing á bréfunum. Skuldabréfin bera fasta 4,75% ársvexti frá útgáfudegi, 15. mars 2001. Verðbættur höfuðstóll skuldarinnar ásamt vöxtum verður endurgreiddur skv. framansögðu. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á neysluverðsvísitölu skv. lögum um vísitölu neysluverðs nr. 12/1995 og vaxtalögum nr. 25/1987, með síðari breytingum. Grunnvísitala er vísitala marsmánaðar 2001 sem er 202,8 stig .

Útgáfutímabil. Útgáfutímabilið er frá útgáfudegi 15. mars 2001 til lokunnardags flokkanna sem er eigi síðar en 15. mars árið 2003. Unnt verður að skipta á fasteignaveðbréfum á móti húsbrefum í framangreindum flokkum frá og með 1. apríl 2001 en þá verða bréfin skráð á Verðbréfaþingi Íslands.

Greiðslustaður Greiðslustaður gjaldfallinna húsbréfa er hjá Íbúðalánasjóði Borgartúni 21 í Reykjavík.

Viðskiptavakt. Íbúðalánasjóður ásamt viðskiptavökum hús- og húsnaðisbréfa á eftirmarkaði, Búnaðarbanka Íslands hf., Íslandsbanka-FBA hf., Kaupþings hf., Landsbanka Íslands hf. og Sparisjóðabanka Íslands hf., hafa náð samkomulagi um viðskiptavakt 1. og 2. flokks húsbréfa 2001. Aðilar eru sammála um að þessir nýju flokkar falli undir A-verkefni í nágildandi samningi milli þessara aðila um viðskiptavakt hús- og húsnaðisbréfa á eftirmarkaði með einni undantekningu: viðskiptavakar eru ekki skuldbundnir til að leggja fram dagleg sölutilboð að ákveðinni fjárhæð í samræmi við ákæðið um A-verkefni viðskiptavaktarinnar heldur skulu þeir stefna að því að leggja fram sölutilboð í samræmi við möguleika sína til sölu bréfa úr þessum flokkum hverju sinni

Skattamál og stimpilskylda. Samkvæmt 8., 73. og 78. gr laga um tekju- og eignarskatt 75/1981 teljast bréf þessi til eignarskattsstofns hjá einstaklingum og lögaðilum. Skattaleg meðferð bréfanna fer eftir skattalögum á hverjum tíma. Útgefandi ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti af vaxtagreiðslum skuldabréfanna sé skilað til ríkissjóðs, sbr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Húsbréf eru framtalskyld. Húsbréf eru stimpilfrjáls.

Framsöl. Skuldabréf þessi sem eru rafrænt eignarskráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. skal skrá á nafn og kennitölu en einnig skal skrá heimilisfang kröfuhafa og kennitölu. Um framsal rafrænt eignarskráða húsbréfa fer skv. lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Viðtökudráttur. Greiði útgefandi ekki á gjalddaga skuldabréfanna og hafi eigandi framvísað skuldabréfinu á gjalddaga, mun útgefandi greiða dráttarvexti frá framvísunardegi til greiðsludags. Dráttarvextir verða samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands hverju sinni.

Fyrningarákvæði. Allar kröfur skuldabréfanna fyrnast sé þeim ekki lýst hjá Íbúðalánasjóði innan 10 ára frá gjalddaga hvort sem um er að ræða útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga. Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti né verðbætur eftir gjalddaga.

Séreinkenni. Vegna séreinkenna húsbréfa er vísað í reglugerðir um Íbúðalánasjóð, húsbréfavíðskipti og reglugerð um útgáfu á 1. og 2. flokki húsbréfa 2001

Upplýsingar og gögn. Nálgest má upplýsingar um skráningu 2. flokks húsbréfa 2001 hjá Búnaðarbankanum Verðbréfum og Íbúðalánasjóði.

Meðferð ágreinings. Rísi mál út af skuldabréfum þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, samkvæmt ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991.